

Afkoma HB Granda hf. árið 2008

- Rekstrartekjur ársins voru 124 m€, en voru 141 m€ árið áður
- EBITDA var 30 m€ (24 %) en var 31 m€ (22 %) árið 2007
- Hagnaður ársins var 16 m€, en var 20 m€ árið áður

	1.1.-30.6. Fyrri árshelmingur	1.7.-31.12. Seinni árshelmingur	1.1.-31.12. 2008 Samtals	1.1.-30.6. Fyrri árshelmingur	1.7.-31.12. Seinni árshelmingur	1.1.-31.12. 2007 Samtals
Sölutekjur	62.923	61.427	124.350	89.678	50.905	140.583
Kostnaðarverð sölu	(47.310)	(44.338)	(91.648)	(69.228)	(44.781)	(114.009)
Vergur hagnaður	<u>15.613</u>	<u>17.089</u>	<u>32.702</u>	<u>20.450</u>	<u>6.124</u>	<u>26.574</u>
Aðrar tekjur				6.890	92	6.982
Útflutningskostnaður	(4.692)	(4.562)	(9.254)	(3.851)	(4.285)	(8.136)
Annar rekstrarkostnaður	(3.112)	(2.074)	(5.186)	(2.690)	(3.825)	(6.515)
Rekstrarhagnaður	<u>7.809</u>	<u>10.453</u>	<u>18.262</u>	<u>20.799</u>	(1.894)	<u>18.905</u>
Fjáreignatekjur	249	403	652	750	880	1.630
Fjármagnsgjöld	(4.310)	(5.295)	(9.605)	(3.827)	(4.101)	(7.928)
Gengismunur	(1.457)	(3.660)	(5.117)	21.541	(8.800)	12.741
Áhrif hlutdeildarféлага	(570)	1.434	864	(191)	243	52
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	<u>1.721</u>	<u>3.335</u>	<u>5.056</u>	<u>39.072</u>	(13.672)	<u>25.400</u>
Tekjuskattur	9.085	1.890	10.975	(7.443)	2.517	(4.926)
Hagnaður (tap)	<u><u>10.806</u></u>	<u><u>5.225</u></u>	<u><u>16.031</u></u>	<u><u>31.629</u></u>	<u><u>(11.155)</u></u>	<u><u>20.474</u></u>
EBITDA	12.561	16.998	29.559	27.185	3.793	30.978

Uppgjör í evrum

HB Grandi birtir nú uppgjör sitt í fyrsta sinn í evrum. Slíkt uppgjör gefur betri mynd af afkomu og stöðu félagsins en uppgjör í íslenskum krónum, þar sem stærstur hluti tekna er í evrum, sem og stór hluti gjalda. Þá hefur evran mest vægi í samsetningu eigna og skulda og þar með eigin fé. Til samanburðar hefur ársreikningur ársins 2007 verið umreiknaður í evrum miðað við lokagengi þess árs.

Rekstur ársins 2008

Rekstrartekjur HB Granda hf. árið 2008 námu 124 m€, samanborið við 141 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 30 m€ eða 24% af rekstrartekjum, en var 31 m€ eða 22% árið áður. Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru neikvæð um 14 m€, en voru jákvæð um 6 m€ árið áður. Inni í þessum lið fyrir árið 2008 telst gengismunur lána, sem er nú mun minni stærð en áður, þar sem hann ræðst eingöngu af innbyrðis breytingum á gengi erlendra gjaldmiðla, en ekki af flökti á gengi íslensku krónunnar. Fyrir árið 2007 er hins vegar færður allur gengishagnaður vegna styrkingar krónunnar, umreiknaður yfir í evrum. Áhrif hlutdeildarféлага voru jákvæð um 1 m€. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 5 m€, en hagnaður ársins var 16 m€. Þessu veldur að skattframtal er gert í íslenskum krónum og verður þar umtalsvert gengistap vegna erlendra skulda, sem veldur skattafrádrætti. Að auki er 3 m€ færðar til tekna vegna lækkunar á skatthlutfalli úr 18% í 15%. Hagnaður ársins 2007 var 20 m€.

Við samanburð á milli ára ber að hafa í huga að í byrjun árs 2007 varð nettóhagnaður af sölu skipa að fjárhæð 7 m€.

Rekstur síðari helmings ársins 2008

Rekstrartekjur HB Granda hf. á síðari helmingi ársins 2008 námu 61 m€, samanborið við 51 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 19 m€ eða 30% af rekstrartekjum, en var 4 m€ eða 7% árið áður. Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru neikvæð um 9 m€, en um 12 m€ árið áður. Áhrif hlutdeildarfélaganna voru jákvæð um 1 m€, en óveruleg árið áður. Hagnaður tímabilsins nam 5 m€, en á sama tíma árið áður varð 11 m€ tap.

Botnfiskskip félagsins veiddu mun meiri karfa en árið áður, en frystitogararnir veiddu minni þorsk og ýsu. Uppsjárskiptin veiddu mun meiri norsk-íslenska síld, en minni kolmunna. Þá varð mikil búbot af umtalsverðum makrílveiðum, sem voru litlar árið áður. Síldveiðar voru svipaðar á milli ára, en mun minna nýttist til manneldisvinnslu en árið áður. Afurðaverð í erlendri mynt lækkaði heldur á milli ára, þó mismikið eftir fisktegundum og mörkuðum.

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 296 m€ í lok árs 2008. Þar af voru fastafjármunir 254 m€ og veltufjármunir 42 m€. Í árslok nam eigið fé 125 m€. Eiginfjárlutfall var 42%, en var 35% í lok árs 2007. Heildarskuldir félagsins voru í árslok 171 m€.

Framvirkir gjaldmiðlasamningar

Viðskiptabankar félagsins hafa krafði félagið um uppgjör á framvirkum gjaldmiðlasamningum að fjárhæð 3,0 m€ og er sú fjárhæð til varúðar færð til skuldar á reikningum félagsins um áramót. Félagið telur þó að m.v. rétt uppgjör sé fjárhæðin 1,6 m€ og hefur þegar greitt hluta hennar í samræmi við það.

Skipastóll og afli

Í skipastól HB Granda hf. eru 5 frystitogarar, 3 ísfisktogarar og 4 uppsjárvarfiskveiðiskip.

Á árinu 2008 var afli skipa félagsins 47 þúsund tonn af botnfiski og 126 þúsund tonn af uppsjárvarfiski.

Aðalfundur

Aðalfundur HB Granda verður haldinn föstudaginn 3. apríl 2009 í matsal félagsins við Norðurgarð í Reykjavík og hefst klukkan 17:00. Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 8% arður.

Fjárhagsdagatal

Aðalfundur	3. apríl 2009
Birting ársskýrslu	3. apríl 2009
Arðgreiðsludagur	27. apríl 2009
Hálfsársuppgjör	24.-28. ágúst 2009
Ársuppgjör 2009	8. - 12. mars 2010